



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

MYNL1SX05
Myndlist

Kennari:	Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV), annakristin@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum hljóta nemendur þjálfun í myndlist og hönnun. Lögð er áhersla á að nemendur virki hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu. Ýtt er undir umræður um myndlist, aðferðir, strauma og stefnur. Áætlunin er einstaklingsmiðuð, oft unnin í samráði við nemandann og fer eftir áhugasviði hans og getu. Efnistöð geta verið af ýmsum toga og nemendur hvattir til þess að þróa sín vinnubrögð sem og kynnast nýrri nálgun og efnistöðum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- því hversu sköpun getur verið gefandi.
- hversu mikið hægt er að nota myndlistina til að tjá sig.
- hversu mikilvægt er að eiga gott hugmyndaflug.
- hversu mikilvægt er að geta tjáð sig um sína list.
- breytilegum aðferðum við listsköpun sem og ólíku efni.
- að þetta svið er það fjölbreytt að yfirleitt er ekkert eitt rétt.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- fullvinna verk út frá eigin hugmyndum.
- taka leiðsögn til framfara og þróunar.
- þora að takast á við nýjar áskoranir.
- að nota hugmyndaflug sitt, virða það og viðurkenna.
- tjá sig með listsköpun.
- nota mismunandi aðferðir og efni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- njóta sín í listsköpun við hæfi.
- gera sér grein fyrir mikilvægi vinnuframlags.
- meta eigin verk og vinnu að verðleikum.
- beita ólíkum efnum og áhöldum við sína sköpun.
- tjá hugmyndir sínar í verki.
- tjá hugmyndir sínar með orðum.
- taka við leiðsögn til enn frekari þroska í faginu.

Námsefni:

- Engar hefðbundnar kennslubækur.
- Sýnikennsla og verkleg kennsla, umræður og Internetið.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6. - 30. janúar	Kennsla hefst 8. janúar.	Verkefni 1: Mappa Verkefnavinna nemenda.
5 - 8	2.-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20. febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27. febrúar, þá fellur kennsla niður.	Verkefnavinna nemenda. Verkefnaskil á Innu fyrir miðannarmat.
9 - 12	1.-27. mars	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18. -20. mars.	Verkefnavinna nemenda.
13 - 16	7.- 30. apríl		Verkefnavinna nemenda.
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Verkefnavinna nemenda. Nemendur taka möppuna heim í lok annar.

Sérreglur áfangans:

Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir áfangans. Samkvæmt skólasóknarreglum má nemandi að hámarki fá ellefu fjarvistarstig í fimm eininga áfanga. Nemandi verður skráður úr áfanganum fari hann yfir leyfileg viðmið. Hægt er að andmæla úrsögninni skriflega innan þriggja virka daga á netfangið andmaeli@fsu.is.

Tölvur og símar leyfðir í tímum sem vinnutæki og einnig má hlusta á tónlist sé kennari ekki með innlögn. Önnur notkun á þessum tækjum er ekki leyfð nema að höfðu samráði við kennara. Kennara er leyfilegt að gefa nemanda fjarvist sem fylgir ekki fyrir mælum t.d. varðandi símanotkun eða þátttöku í tíma. Athugasemd þess efnis verður skráð á Innu.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar:

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni og sköpunarferli	Nemandi sýnir vilja til að fullvinna verkefnin eftir bestu getu út frá eigin áhugasviði. Hann hefur jákvætt viðhorf til sköpunar og er tilbúinn að gera mistök. Hann hefur hæfni til að tjá hugmyndir sínar í verki með persónulegri nálgun og frumleika. Sköpunarferlið er mikilvægur þáttur í öllum listgreinum og vegur jafn mikið og sjálf lokaafurðin. Það á að fullvinna verkefni og skila í skilahólf á Innu. Námsmat: Lokið/Ólokið	20%
Vinnusemi	Nemandi mætir vel í kennslustundir og er vinnusamur. Hann sýnir áhuga á viðfangsefninu og tekur framförum í kennslustundum.	50%
Tekur tilsögn og tileinkun	Nemandi tekur tilsögn kennara og tileinkar sér vinnubrögð í samræmi við fyrirmæli til að ná betri árangri.	10%
Sjálfstæði	Nemandi vinnur sjálfstætt og sýnir frumkvæði í skapandi verkefnum. Hann er tilbúinn að gera tilraunir og prófa nýjar aðferðir út frá eigin getu og áhugasviði undir handleiðslu kennara. Hann spyr spurninga og leitar skýringa til að bæta skilning sinn á viðfangsefnum þegar þörf er á.	10%
Umgengni og Sjálfsbjargar - viðleitni	Nemandi lærir á skipan kennslustofunnar og gengur vel um hana. Hann lærir að nota áhöld og efni á réttan og öruggan hátt. Undirbúningur og frágangur eru mikilvægir þættir í myndsköpun og eitt af markmiðum áfangans er að nemandinn sé sjálfbjarga í stofunni og læri að þekkja skipulag hennar. Hann getur með leiðsögn kennara öðlast hæfni til að verða sér úti um áhöld og efni til listsköpunar af sjálfsdáðum í upphafi kennslustundar og sömuleiðis þrifið áhöldin eins og til er ætlast og gengið frá öllu sem hann viðaði að sér á sinn stað í lok hennar.	10%
Alls		100%

Námsmats- og prófsýningardagur:

Námsmats- og prófsýningar eru við lok hvernar annar. Þær eru mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Anna Kristín Valdimarsdóttir
Selfossi, 8. Janúar 2026